

## Fundargerð

Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

Dags: 28.02.2023 kl. 9:00-10:00

**Fundinn sátu** : Haraldur Þór Jónsson, Jónína Brynjólfsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Helgi Gíslason og Jón G. Valgeirsson. Haraldur Þór Jónsson ritaði fundargerð.

### 1. Verkefnið frá síðasta fundi starfsnefndar

Haraldur fór yfir þau atriði sem hefur verið unnið í frá síðasta fundi nefndarinnar. Töluverð fjölmiðlaumfjöllun hefur verið um að orkuvinnsla skilar takmörkuðum verðmætum í nærumhverfi orkuvinnslu. Fundað hefur verið með forstjóra og aðstoðar forstjóra Landsvirkjunar um áhrif orkuvinnslu á nærsamfélagið og þá staðreynd að sveitarfélög eru að sameinast um að staldra við í skipulagsmálum virkjana. Opinber málf lutningur Landsvirkjunar er að það sé nauðsynlegt að tryggja nærumhverfi orkuvinnslu ávinning af starfsseminni sem er í samræmi við áherslur starfsnefndarinnar. Einnig hefur veirð fundað með fjölmörgum hagaðilum, bæði þingmönnum, virkjana andstæðingum og fleirum.

Starfshópurinn óskar eftir að öll sveitarfélögin taki saman allar þær tekjur sem sveitarfélögin hafa af orkuvinnslu og skili til starshópsins í tölvupósti á [haraldur@skeidgnup.is](mailto:haraldur@skeidgnup.is)

Starfshópurinn hvetur sveitarfélögin til að taka undir bókun stjórnar samtaka orkusveitarfélaga á næsta sveitarstjórnarfundum til að sýna fram á samstöðuna í verkefni.

Fimmtudaginn 2. mars kl. 11:00 verður haldinn kynningarfundur um verkefnið fyrir alla kjörna fulltrúa, aðal- og varamenn, framkvæmdastjóra og aðra mögulega lykilstarfsmenn aðildarsveitarfélaga samtakanna á upplýsingafund í fjarfundabúnaði. Áætlað er að fundurinn verði 50 mín. Mikilvægt er að hvetja sem flesta til að mæta á fundinn.

Gert er ráð fyrir að halda vinnustofu fimmtudaginn 9. mars í fjarfundi þar sem markmiðið er að móta nánari útfærslur af því hvernig mögulegur rammi eigi að vera utan um starfssemi orkuvinnslu í náinni framtíð.

Fundi slitið kl. 9:55.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 7. mars kl. 9:00 í fjarfundi.